

ÁREIÐANLEIKI HEIMILDA AF VERALDARVEFNUM.

Hér eru 9 atriði sem hafa ber í huga þegar heimildirnar eru metnar.

HÖFUNDARAÐILD

- ◉ Standa opinberir aðilar, stofnun eða sérfræðingur á bak við upplýsingarnar?
- ◉ Er höfundurinn viðurkenndur á sínu fræðasviði?
- ◉ Er netfang höfundar (e. e-mail) eða stofnunar á síðunni eða er annar möguleiki á að komast í samband við ábyrgðaraðila?

INNIHALD

- ⊙ Eru upplýsingarnar skrifaðar á hlutlausan eða huglægan hátt?
- ⊙ Innihalda upplýsingarnar staðreyndir eða koma skoðanir höfundarins þar fram?
- ⊙ Það er mikilvægt að skilja á milli vefs með staðreyndum og vefs með umræðum, sjónarmiðum, áróðri o.s.frv.
- ⊙ Eru viðkomandi upplýsingar þær einu sinnar tegundar eða er um að ræða svipaðar upplýsingar eða betri annars staðar?

UMFANG UPPLÝSINGA

- Er fjallað um allar hliðar efnisins eða hvert umfang upplýsinganna er?
- Hversu nákvæmlega er fjallað um efnið eða hve ítarlegar eru upplýsingarnar?
- Takmarkast upplýsingarnar við tiltekið tímabil?

ÁREIÐANLEIKI

- Er hægt að bera upplýsingarnar saman við aðrar heimildir um sama efni?
- Ber upplýsingunum saman við þær heimildir eða eru þær mismunandi?
- Eru heimildalistar? Athugið fyrstu heimildina eða kannið frumheimildirnar almennt.

MARKMIÐ MEÐ ÚTGÁFUNNI

- Hvers vegna birti höfundurinn/útgefandinn efnið á Netinu?
- Er t.d. um að ræða upplýsingar, auglýsingar eða áróður?

MARKHÓPUR

- Hverjum eru upplýsingarnar ætlaðar?
- Henta þær í raun og veru því verkefni sem unnið er að?

AÐRIR VALKOSTIR

- Eru viðkomandi upplýsingar aðgengilegar á einhvern annan hátt, t.d. í bók, tímariti eða á öðru formi?

ENDURSKOÐUN/UPPFÆRSLA

- ⦿ Athugið hver er útgáfudagur upplýsinganna. Útgáfudagur eða dagsetning síðustu uppfærslu eru oftast tilgreind efst eða neðst á vefsíðum.
- ⦿ Þarf að endurskoða upplýsingarnar og ef svo er hversu oft eru þær uppfærðar?
- ⦿ Athugið jafnframt hvort þær séu úreltar

NOTENDAVIDMÓT

- Eru upplýsingarnar vel skipulagðar?
- Er um efnisyfirlit eða veftré að ræða?
- Eru myndir á síðunni? Veita myndirnar viðbótarupplýsingar?
- Er auðvelt að skoða og lesa textann?



